

340. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 6. september 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Elías Bergmann Jóhannsson, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hildur Hálfðanardóttir og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundargerð framkvæmda- og veitunefndar - 2301008

40. fundur haldinn 30.08.2023. Afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 4, 7 og 27.

-liður 4, *Gatnagerð Traustatún, 2105023*, sveitarstjórn samþykkir að framkvæmdum við mabikun götunnar verð frestað til næsta sumars.

-liður 7, *Tungurimi/Borgarimi 1. áfangi, 2106013*, sveitarstjórn samþykkir að framkvæmdum við malbikun götunnar verði frestað til næsta sumars.

-liður 27, *Hundahald, 2308014*, sveitarstjórn felur sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs að gera samning við aðila um hundaeftirlit. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar. Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

2. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

264. fundur haldinn 26.08.2023, afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 1 til 2 og 4 til 13.

-liður 1, *Apavatn 2 lóð (L167668)*; byggingarheimild; gestahús - 2307028

Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Raven Design ehf., móttekin 10.07.2023, um byggingarheimild fyrir 40 fm gestahúsi á sumarbústaðalandinu Apavatn 2 lóð L167668 í Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

-liður 2, *Haukadalur 4*; Stækkun skipulagssvæðis; Deiliskipulagsbreyting - 2304002
Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til deiliskipulags að Hótel Geysi og þjónustumiðstöðvar á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði að Haukadal 4 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að deiliskipulagsreitur stækkar, verður 26 ha í stað 13 ha áður, lóðamörk einstakra lóða breytast, byggingarreitur Hótel Geysis stækkar og öll herbergi innan deiliskipulagsreits flytjast þangað. Öll smáhýsi verða gerð víkjandi og byggingarreitur hótellbyggingar sunnan þeirra fjarlægður. Samanlagður herbergjafjöldi verður óbreyttur. Byggingarreitur þjónustumiðstöðvar stækkar og íbúðarhús sem þar er verður víkjandi. Bílastæði verða færð og þeim einnig fjölgað, þar sem hluti þeirra verða rafhleðslustæði. Bensínafgreiðsla færist til suðurs. Nýr byggingarreitur fyrir áhaldageymslu kemur syðst á skipulagssvæði á lóð Suðurgafis og aðkoma fyrir rútur breytist og færist en rútum verður áfram lagt á núverandi stæði norðan við smáhýsi. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með

AS EBJ SH SLS HAH

fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna og samantektar. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 4, Hverabraut 3; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting - 2308038

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til stækkunar lóðar Hverabrautar 3 á Laugarvatni. Samhliða er gert ráð fyrir að lóðir 5 og 15 falli niður innan skipulags. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

-liður 5, Heiðarbær lóð L170244; Niðurrif og nýbyggingar; Fyrirspurn - 2307046

Lögð er fram fyrirspurn frá Sigurði Hallgrímssyni er varðar niðurrif og hugmyndir um uppbyggingu á lóð Heiðarbæjar lóð L170244.

Ekkert deiliskipulag er í gildi sem tekur til viðkomandi lóðar sem er skráð í fasteignaskrá 5.800 fm að stærð. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar samkvæmt skilmálum aðalskipulags gæti þá verið allt að 174 fm í formi frístundahúss gestahúss allt að 40 fm að stærð og geymslu allt að 15 fm að stærð. Framlagðar hugmyndir fara því umfram þær heimildir. Húsið er auk þess innan svæðis á náttúruminjasrá og vatnsverndar vatnasviðs Þingvallavatns samkv. lögum 85/2005. Við allar framkvæmdir, sama hvort um niðurrif eða uppbyggingu þarf því að hafa sérstaka aðgát gagnvart hugsanlegri mengun vatnsins. Kæmi til þess að sótt væri um byggingarleyfi fyrir nýju húsi á lóðinni á grundvelli heimilda aðalskipulags þyrfti að lágmarki að uppfylla kröfur skipulagsreglugerðar um 50 m fjarlægð byggingarreitar frá vatnsbakka og 10 m fjarlægð frá aðliggjandi lóðarmörkum. Þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir væru allar framkvæmdir innan lóðar háðar grenndarkynningu á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lóðin er leigulóð og telur sveitarstjórn því nauðsynlegt að allar framkvæmdir innan hennar séu unnar í samráði við Framkvæmdasýslu Ríkisins og að öllum skilyrðum leigusamnings lóðarinnar sé fullnægt. Að öðru leyti gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn.

-liður 6, Reykholt; Brekkuholt 9 L231181; Einbýli í Parhús; Deiliskipulagsbreyting - 2307040

Lögð er fram umsókn frá Bláskógabyggð er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Reykholt. Í breytingunni felst að einbýlishúsalóð að Brekkurholti 9 er breytt í lóð fyrir parhús.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

-liður 7, Útey 1 L167647; Stórholt 2; Stofnun lóðar - 2307038

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Finnsyni er varðar stofnun 34.766 fm lóðar út landi Úteyjar 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið.

-liður 8, Bjarkarhöfði L167731; Breytt landnotkun; Fyrirspurn - 2307018

Lögð er fram fyrirspurn frá Daða Frey Guðmundssyni er varðar breytta landnotkun lóðar Bjarkarhöfða L167731.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að uppbygging á grundvelli framlagðrar fyrirspurnar sé þess eðlis að samþykki allra innan frístundasvæðisins þyrfti að liggja fyrir. Í öllum tilfellum telur sveitarstjórn að slík uppbygging sé háð því að unnin verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði.

-liður 9, Gröflóð L167794; Staðfesting á stærð og afmörkun lóðar - 2307016

Lögð er fram umsókn er varðar staðfestingu á hnitsetningu og stærð lóðarinnar Gröflóð L167794.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna. Sveitarstjórn

AS

EDJ

SA

SL

HH

AK

AK

samþykkir erindið skv. framangreindu.

-liður 10, Útey 1 lóð L191795; Frístundalóð; Deiliskipulag - 2302028

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundalóðarinnar Útey 1 lóð L191795 eftir auglýsingu. Í skipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu sumarhúss ásamt aukahúsi allt að 40 fm og geymslu að 15 fm innan nýtingarhlutfalls 0,03. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati sveitarstjórnar er ekki þörf á að bregðast sérstaklega við þeim umsögnum sem bárust vegna málsins á auglýsingatíma þess. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 11, Klif í landi Spóastaða; L167134 og L192315; Deiliskipulag - 2202035

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags í landi Spóastaða eftir auglýsingu. Skipulagið nær yfir liðlega 2,3 hektara á lögbylinu Klifi L167134. Á landinu eru nú þegar íbúðarhús og sumarhús (landnúmer L192315). Markmið skipulagsins er að skipta landinu í tvær lóðir þar sem nyrðri lóðin verði lögbylislóð og syðri lóðin íbúðarhúsalóð. Vegtengingar að lóðunum eru til staðar sem og vatn, rafmagn og rotþrær. Samþykkt var óveruleg breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar á 233. fundi skipulagsnefndar þar sem samþykkt var að umrætt svæði skyldi flokkast sem landbúnaðarsvæði. Samhliða er lögð fram undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá vegi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 12, Fyrirspurn til skipulagsnefndar; Stardalur L125755; Staðfesting á lóðarmörkum sveitarfélaga - 2308054

Lögð er fram fyrirspurn frá Þórði Magnússyni er varðar staðfestingu á sameiginlegum lóðarmörkum lands Stardals L125755 í Reykjavík að mörkum Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skilgreiningu viðkomandi jarðarmarka sem liggja að sveitarfélagsmörkum Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn gerir þó athugasemdir við skýrleika framlagðra gagna. Ekkert er tiltekið innan þeirra um hvaða heimildir liggja að baki framlögðum mörkum, ekki er vitnað til þinglýstra gagna eða landamerkjabóka, nánast engin örnefni eru sjáanleg á kortingu og ekki er tiltekið um með hvaða hætti talið er að aðliggjandi sveitarfélagamörk liggja. Þrátt fyrir það telur sveitarstjórn ljóst að þar sem mörk Stardals eru dregin upp að sveitarfélagsmörkum Bláskógabyggðar séu þau skilgreind í Rjúpnagili til austurs.

-liður 13, Gröflóð (L167788); byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging - 2305038

Lögð er fram endurtekin beiðni er varðar viðbyggingu við sumarhús á Gröflóð L167788. Lögð er fram afstöðumynd sem gerir grein fyrir afstöðu hússins fyrir og eftir viðbyggingu. Að mati hönnuðar er um svo óverulega nálgun við vatnsbakka að ræða að engar líkur eru á að fyrirhuguð viðbygging muni hafa meiri áhrif á lífríki árinna eða hefti för fólks um árbakkann umfram það sem orðið er.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mælist til þess málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis vegna viðkomandi viðbyggingar. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

3. Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa - 2301014

AS EBJ SM SIS

189. fundur haldinn 16.08.2023

190. fundur haldinn 30.08.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

4. Fundargerð fjallskilanefndar Biskupstungna - 2301029

Fundargerð fjallskilanefndar frá 16.08.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð fjallskilanefndar Laugardals - 2301030

2. fundur haldinn 24.08.2023, ásamt fjallskilaseðli og reikningum fjallskilanefndar.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð stjórnar Byggðasafns Árnesinga - 2301017

7. fundur haldinn 16.08.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2301018

229. fundur haldinn 08.08.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

8. Fundargerðir stjórnar Bergrisans bs - 2301027

59. fundur haldinn 09.06.2023

60. fundur haldinn 12.06.2023

61. fundur haldinn 12.07.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

9. Aðalfundur Bergrisans - 2301045

Aukaaðalfundur haldinn 15.06.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2308016

Beiðni um samþykki fyrir því að nemandi með lögheimili í Bláskógabyggð sækir skóla utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir umsóknina en leita þarf samþykkis skólustjóra viðkomandi skóla. Um greiðslur fer skv. viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðni Sighvatsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

11. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2309005

Beiðni um að barn með lögheimili í öðru sveitarfélagi fái að stunda nám í Reykhotsskóla skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti beiðnina, enda liggur fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir greiðslu samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Komi til annar kostnaður vegna skólavistar nemandans skal um það samið sérstaklega.

HLK

AS EBJ SH S/S H/H

12. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2308024

Beiðni um að barn með lögheimili í öðru sveitarfélagi fái að stunda nám við Reykholtsskóla skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti beiðnina, enda liggur fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir greiðslu samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Komi til annar kostnaður vegna skólavistar nemandans skal um það samið sérstaklega.

13. Auglýsingaskilti í íþróttasal á Laugarvatni - 2308027

Erindi UMFL, dags. 11.08.2023, þar sem óskað er eftir heimild til að setja upp auglýsingaskilti í íþróttasalinn á Laugarvatni.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Staðsetning skilta verði ákveðin í samráði við forstöðumann og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs.

Elías Bergmann Jóhannsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

14. Lóðarumsókn Tungurimi 11b, Reykholti - 2309004

Umsókn Rarik ohf um lóðina Tungurima 11b, Reykholti, vegna spennistöðvar.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Rarik lóðinni Tungurima 11b fyrir spennistöð.

15. Öryggismál í uppsveitum - 2308007

Erindi Björgunarsveitarinnar Ingunnar og Björgunarsveitar Biskupstungna, dags. 21.08.2023, varðandi það að komið verði á fót vettvangsliðahópum á Laugarvatni og í Reykholti. Viljayfirlýsing.

Haraldur Helgi Hólmfríðarson kom inn á fundinn og fylgdi erindinu eftir. Í erindinu kemur fram áhugi björgunarsveitanna á að koma á fót vettvangsliðahóp í Reykholti og á Laugarvatni, líkt og björgunarsveitin Eyvindur á Flúðum heldur úti.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði björgunarsveitanna og hvetur HSU eindregið til að ganga til samninga við sveitirnar um verkefnið.

16. Fundartímar sveitarstjórnar 2022-2026 - 2205041

Fundartími í september (seinni fundur)

Samþykkt var að næsti fundur verði miðvikudaginn 27. september nk. kl. 13:00.

17. Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga - 2308022

Erindi Innviðaráðuneytisins, dags. 21.08.2023, þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 151/2023 - Drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

Umsagnarfrestur er til og með 01.09.2023.

Lagt fram til kynningar.

18. Rekstrarleyfisumsókn Reynilundur 6 234 6758 - 2308029

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 01.08.2023, um umsögn um umsókn Ginnis ehf um rekstrarleyfi, frístundahús í flokki IIH, Reynilundur 6, Bláskógabyggð. Umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

Sveitarstjórn leggst gegn því að umbeðið leyfi verði veitt, enda samræmist það ekki stefnu gildandi skipulags.

HLK

19. Rekstrarleyfisumsókn Torfastaðakot 17 234 6288 - 2308031

Handwritten signatures and initials: 19, EBJ, SM, SIS, HH, and a large signature.

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 12.07.2023, um umsögn um rekstrarleyfisumsókn SVK ehf vegna frístundahúss í flokki II (G) íbúðir, Torfastaðakot 17, Bláskógabyggð. Umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn vegna erindisins.

20. Rekstrarleyfisumsókn Efstidalur II 220 5918 - 2309002

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 06.07.2023, um umsögn um umsókn Ísaks Eyfjörð Arnarsonar um rekstrarleyfi í flokki IIB, stærra gistihús, að Efstadal II.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn vegna erindisins.

21. Stefnuþótun stjórnvalda um skipulagsmál - 2308001

Umsögn Bláskógabyggðar, dags. 28.08.2023 um grænbók vegna landsskipulagsstefnu

Lagt fram til kynningar.

22. Útsvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 2023 - 2303018

Yfirlit yfir útsvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs janúar til ágúst 2023.

Lagt fram til kynningar.

23. Skattalegt umhverfi orkuvinnslu - 2308006

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga ásamt umsögn Bláskógabyggðar.

Eftirfarandi umsögn Bláskógabyggðar var lögð fram til kynningar:

Bláskógabyggð leggur áherslu á eftirfarandi atriði við starfshópinn:

Öll orkumannvirki verði metin til fasteignamats og sveitarfélögin fái greiddan fasteignaskatt af þeim. Eldri undanþágur frá skattgreiðslum orkufyrirtækja í ríkissjóð hafa þegar verið afnumdar og tímabært að afnema undanþágur frá skattgreiðslum til sveitarfélaga.

Þá ítrekar Bláskógabyggð fyrri ályktanir sínar um að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað. Frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar á raforkukerfinu árið 2005 hafa fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku í þéttbýli og dreifbýli haft tvær mismunandi gjaldskrár, aðra fyrir dreifingu raforku í þéttbýli og hina fyrir dreifingu raforku í dreifbýli. Þrátt fyrir niðurgreiðslu frá ríkinu, með svonefndu dreifbýlisframlagi, er raforkuverð í dreifbýli enn hærra en raforkuverð í þéttbýli. Frá árinu 2015 hefur dreifbýlisframlagið verið fjármagnað með svonefndu jöfnunargjaldi, sem er lagt á alla almenna raforkunotkun. Til að ná fullri jöfnun raforkuverðs fyrir alla landsmenn er áætlað að þurfi viðbótarframlag sem nemur um 900 milljónum á ári. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag til niðurgreiðslu raforkuverðs. Bent er á að í gegnum tíðina hefur verið rætt um að þegar skuldir Landsvirkjunar hafi verið greiddar niður muni arður af henni nýtast í þágu landsmanna. Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa. Tímabært er að íbúar hinna dreifðu byggða sitji við sama borð og íbúar í þéttbýli hvað varðar raforkuverð og í raun hálfhjákátlegt að þeir sem búa næst uppsprettu raforkunnar, nærri virkjununum eða undir raflínum sem flytja orkuna á suðvesturhornið, skuli greiða hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fjær búa.

Af hálfu Bláskógabyggðar er tekið undir umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

24. Kæra vegna deiliskipulags í Laugarási - 2308017

Kæra nr. 99/2023 þar sem kærð er ákvörðun Sveitarfélagsins Bláskógabyggðar að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir þéttbýlið í Laugarási. Jafnframt er krafa um stöðvun

AS

EDJ

SH

S/S

HH



HLK

yfirvofandi framkvæmda til bráðabirgða.

Kæra nr. 103/2023, þar sem kærð er afgreiðsla sveitarfélagsins Bláskógarbyggðar á umhverfismati og málsmeðferð umhverfismatsins, sem unnið var samhliða áætlanagerð um breytingu á aðalskipulagi (ASK) fyrir þéttbýlið í Laugarási og lá fyrir áður en áætlunin var samþykkt af sveitarstjórn.

Bráðabirgðaúskurður nefndarinnar í máli nr. 99/2023 þar sem kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda vegna reiðvegar samkvæmt hinu kærða deiliskipulagi er hafnað.

Lagt fram til kynningar.

25. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.08.2023 um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027

Lagt fram til kynningar.

26. Ársþing SASS 2023 - 2308020

Upplýsingar frá SASS um millipinganefndir fyrir ársþing samtakanna 26. til 27. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

27. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2023 - 2308021

Kynningarbréf UMFÍ, dags. 23.08.2023, vegna ungmennaráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sem fram fer dagana 22. til 24. september á Reykjum í Hrútafirði.

Lagt fram til kynningar. Erindið hefur verið sent ungmennaráði og er hvatt til þess að fulltrúar taki þátt í ungmennaráðstefnunni.

28. Verkefnið Göngum í skólann 2023 - 2308023

Erindi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, dags. 17.08.2023 þar sem hvatt er til þátttöku í verkefninu Göngum í skólann.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn hvetur til þátttöku í verkefninu.

29. Niðurfelling Langabardsvogar af vegaskrá - 2308025

Tilkynning Vegagerðarinnar, dags. 15.08.2023, um fyrirhugaða niðurfellingu Langabardsvogar af vegaskrá.

Lagt fram til kynningar.

30. Ágangur búfjár - 2302009

Gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um smölun ágangsfiár.

Lagt fram til kynningar.

31. Vöruflutningar, tilmæli Samkeppniseftirlits - 2309001

Tilmæli Samkeppniseftirlitsins, dags. 01.09.2023 til sveitarfélaga vegna samkeppnisaðstæðna vegna vöruflutninga.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn hvetur til þátttöku í verkefninu.

71.K

AS Fundi slitið kl. 14:40.

S/S

EBJ

SM

HH

Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson

Stefanía H.

Stefanía Hákonardóttir

Sveinn I. Sveinbjörnsson

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Elías Bergmann Jóhannsson

Elías Bergmann Jóhannsson

Guðni Sighvatsson

Guðni Sighvatsson

Anna Greta Ólafsdóttir

Anna Greta Ólafsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Ásta Stefánsdóttir